

Stjórnarfundur FKA #11

Starfsár: 2024-2025

Staður: Teams

Dagsetning: 03.04.2025

Tími: 12.00 – 12.30

Mættar: Grace Achieng (GA), Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir (GHJ), Guna Mežule (GM), Guðrún Gunnarsdóttir (GG), Helga Björg Steinþórsdóttir (HBS), Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir (ISS), Jasmina Vajzovic Crnac (JVC), Unnur Elva Arnardóttir (UEA), ásamt Andrea Róbertsdóttir framkvæmdastj. FKA (AR).

Forföll: Andrea Ýr Jónsdóttir (AÝJ), Sandra Yunhong She (SYS).

12.00 – 12.10	1	Opnun – einn stuttur hringur (...) Hringurinn tekinn spjall við konur og hvað hefur drifið á daga þeirra.
12.10 – 12.20	2	Innheimta, Kók samningurinn, rukkun fyrir deildir o.fl. (UEA, ISS) Styrkataraðilar – gert var munnlegt samkomulag um þriggja milljóna styrk árið 2025 á fundi með Kók sem Inga gjaldkeri og Andrea framkvæmdastjóri fóru á. Samkomulagið breyttist og úr varð eins milljóna samningur í vörum, eyrnamerkt Sýnileikadegi 2025 í Arion. Inga og Andrea taka rúnt um styrki fyrir næsta starfsár – vantar góða styrki í hús. Nokkur nöfn í pottinum sem verða skoðuð og rædd. Grace bendir á að hún sé að vinna hjá fyrirtæki og geti mögulega kannað stöðuna þar. Leggjum allar hausinn í bleyti og leitaum að styrktaraðilum. *Vanalega er hér skýrsla framkvæmdastjóra í dagskrá en það var ekki búist við þátttöku Andreu sem fékk frí til að fara í 25 ára afmælisferð LeiðtogaAuða í Lissabon 3. - 6. apríl 2025. Ferð sem er farin á eigin kostnað og framkvæmdastjóra til yndisauka sem rétt náði að mæta á stjórnarfundinn en þurfti að rjúka strax og fundartíma lauk.
12.20 – 12.30	3	Heimasíðan og staðan, tryggja áframhaldandi framvindu verkefnisins og leið til þess (HBS, GHJ) Heimasíðan – Helga og Gulla – tækniráð mjög flott og góð stemning, ótrúlega flottar konur og eru að vinna við gott verkefni. Helga og Andrea búnar að funda með Orra og Guðmundi Kaktus og eru að taka stöðuna hvar verkefnið er statt. Mikilvægt að FKA auglýsi Kaktus og láti við af þeim. Stærsta fjárfesting FKA nú um mundir. Helga ræddi næsta fasa af áframhaldandi vinnu við heimasíðu og í því samhengi að tilgangur eða markmið þess fasa ætti að snúa að tengslamyndun og samvinnutækifærum fyrir FKA konur.
12.30 – 12.50	4	Sýnileikadagurinn (GA) Miklar umræður um daginn er varðar dagskrá og áherslur á deginum. Minnisblað verður gert til að hafa í upptakti af næsta degi til að gera góðan dag enn betri. Grace með samantekt af kostnaði, fer yfir peningamálin. Gulla tekur til máls og bendir á að það er okkur hollt að taka umræðu fyrir næsta dag, um hvað Sýnileikadagurinn snýst.
12.50 – 12.55	5	Lagabreytingar fyrir aðalfund, framfylgni laga, kjörstjórn, fundarstaður, fundarstjóri o.fl. (UEA) Undirbúningur á fullu. Erla Ósk hefur samþykkt að vera fundarstjóri á Aðalfundi – verðum í Borgartúni. Andrea hefur sent gögn, tímalínu o.fl. á Unni með tillögu að tímaramma sem kjörstjórn og Unnur breyta eða halda sig við og láta skrifstofu vita.

		Unnur fer yfir verkefni og framboðsfresti og stjórn þarf að ýta við að auglýsa mætingu á fundinn Orri frá Kaktus er með kosninga kerfið. Andrea og Unnur hittast og fara yfir málin með Fjólu formanni kjörstjórnar, auglýsa eftir konum í nefndir og deildir.
12:55 – 13.10	6	Linkedin, FB, Instagram Örkennsla + láta okkar hópa fylgja og læka miðla FKA (GU) Guna fer yfir glærur og kennsluefni sem veitir stjórnarkonum tækifæri til að fræðast og spyrja um miðlana hjá Gunu sem er fagmanneskja er kemur að samfélagsmiðlum og efnissköpun. Linkedin, Guna tekur til máls og sýnir okkur myndir af tillögum hvar við eigum að vera að auglýsa okkur á t.d. Instagram, Facebook og annars staðar. Þurfum að grípa í og vera meiri ambassdorar á þessum síðum. Kennir okkur hvernig við eigum að nota síðurnar.
13:10 – 13.30	5	Önnur mál - Unnur tekur til máls, félagsgjöld samþykkt og hækkun samþykkt. - Unnur talar um viðburði og mikil afföll frá skráningu og á viðburðum sem verður að skoða. Unnur vill reglur, alltof margar skráðar sem mæta ekki, þurfum að breyta þessu viðhorfi og setja nýja reglur. Þetta kostar peninga og veitingar og annað sem búið er að panta og fara í ruslið. - Andrea bendir á að um sé að ræða vinna með menningu, snýst þetta um að efla kostnaðarvitund og skapa menningu um þessi mál. - Andrea segir frá Sjálfbærni viðburð sem er í dag. - Andrea nefnir 3. sept nk. sem er Opnunarviðburður hjá Árvakri. - Inga talar um að starfsárið er að ljúka en passa að stjórnarkonur eru að mæta á viðburði, helgarferðir og fleira. Þurfum að hvetja konur til að mæta á það.

Fundargerð: Unnur Elva Arnardóttir og Guðrún Gunnarsdóttir.